

# Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 26. ágúst 2014 á Kjóavöllum.

## 14. fundur

Fundur hófst kl. 18:00

Mættir: Linda Gunnlaugsdóttir, Brynja Viðarsdóttir, Kristín Njálisdótti, Hermann Vilmundarson, Lárus Finnbogason og Sigurður Halldórsson. Hannes Hjartarson boðaði forföll.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Farið yfir verkefnalista stjórnar og hann uppfærður.
3. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu þeirra verkefna sem hann hefur unnið að undanfarið. Gerði sérstaklega grein fyrir aðkomu hmf. Sprettis að verkefnum tengdum tónleikum Justin Timberlake í Kórnum 24. ágúst sl. Mikil vinna átti sér stað í nágrenninu og átti framkv.stj. gott samstarf við skipuleggjendur tónleikanna. Allt fyrirkomulag til fyrirmyndar og góð samvinna. Aðsókn að veislusal reiðhallarinnar er orðin mikil og salurinn bókaður töluvert fram í tímann.
4. Gjaldkeri gerði grein fyrir stöðu fjármála. Áætlað er að kynna stöðuna á félagsfundum í haust.
5. Formaður lagði fram drög að kynningu á hmf. Spretti vegna umsóknar um Landsmót 2018. Stjórnarmenn unnu áfram að gerð umsóknar sem þarf að skila inn fyrir 25. sept. nk.
6. Formaður greindi staðfestingu þingfulltrúa Sprettis á Landsþing LH sem verður haldið á Selfossi dagana 17. og 18. október nk. Hmf. Sprettur á 13 þingfulltrúa en þeir eru eftirfarandi:  
*Linda Gunnlaugsdóttir, Hermann Vilmundarson, Kristín Njálisdóttir, Lárus Finnbogason, Hannes Hjartarson, Brynja Viðarsdóttir, Sigurður Halldórsson, Magnús Benediktsson, Arnhildur Halldórsdóttir, Halldór Halldórsson, Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Kristinn Hugason og Lárus Sindri Lárusson.*
7. Auglýsingamál rædd.
8. Stefnumótun: Rætt um mögulegar dagsetningar fyrir stefnumótunarfund stjórnar.
9. Félagsfundur. Stefnt er að því að halda almennan félagsfund 28. október nk.
10. Metamót – staða og aðkoma stjórnar. Umræða um stöðu mála og aðkomu stjórnar gagnvart undirbúningi fyrir mótið. Rætt um fyrirkomulag á veitingasölu á mótinu.
11. Nefndir félagsins – unnið er að því að manna nefndir fyrir veturinn.

12. Önnur mál.

- Rætt um aðalfund félagsins. Halda skal aðalfund ár hvert fyrir 1. mars. Stefnt að því að aðalfundur verði haldinn um miðjan febrúar 2015 – áætluð dagsetning 19. febrúar 2015.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:15

Fundargerð ritaði Kristín Njálisdóttir